

Ályktun aðalfundar SSH 3. nóvember 2017 um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vekur athygli nýkjörinna þingmanna –á þeim brýnu verkefnum sem blasa við til að bæta úr núverandi ástandi í samgöngum og ástandi samgöngumannvirkja á höfuðborgarsvæðinu.

Í gildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er gert ráð fyrir að íbúum svæðisins fjölgi um 70 þúsund manns fram til ársins 2040. Markmið svæðisskipulagsins er að þessi fjölgun leiði ekki til samsvarandi aukningar á umferð innan svæðisins. Núverandi ástand stofnbrauta innan svæðisins og óbreyttar ferðavenjur ná ekki að mæta þessu markmiði og þörf er á samstilltum aðgerðum ríkis og sveitarfélaga. Lagfæringar og endurbætur á stofnbrautum til að draga úr töfum og umferðarhnútum, og innleiðing “Borgarlínu” (hraðvagnakerfi) til að auka hlutdeild almenningsamganga eru nauðsynlegar aðgerðir til að breyta núverandi stöðu og til að mæta vaxandi flutningaþörf innan höfuðborgarsvæðisins.

Síðastliðin 2 ár hafa SSH, Vegagerðin og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið unnið að ítarlegri greiningu á ástandi stofnbrautanna og mati á umfangi og kostnaði við nauðsynlegar aðgerðir til að greiða fyrir umferð og koma í veg fyrir síauknar tafir og umferðarhnúta. Á sama tíma hafa sveitarfélögin unnið að undirbúningi að eflingu almenningsamganga, m.a. og ekki síst með undirbúningi að innleiðingu “Borgarlínu” (hraðvagnakerfi) með það að markmiði að skilja að svo sem kostur er almenna umferð og akstur almenningsamganga og auka þannig hlutdeild þeirra í daglegum ferðum fólks inna svæðisins.

Fyrir liggur skýr mynd af þeim brýnu verkefnum sem framundan eru, en framhald máls og árangur mun ekki síst ráðast af því fjármagni sem ríkisvaldið leggur til þessara verkefna á næstu árum.

Fundurinn skorar því á þingmenn að vinna að framgangi þessara verkefna með því að tryggja að í samgönguáætlun næstu 4 ára fáist nægjanlegt fjármagn til að takast á við nauðsynlegar aðgerðir, bæði með auknum fjárveitingum til Vegagerðarinnar vegna endurbóta á stofnbrautum og til að tryggja nauðsynlega aðkomu ríkisins að eflingu almenningsamganga með væntanlegri tilkomu “Borgarlínu” (hraðvagnakerfis).